

Reykjavík 17. mars 2018

Umsögn um *Drög að landsáætlun um uppbyggingu innviða til verndar náttúru og menningarsögulegum minjum*

Fornleifastofnun Íslands ses fagnar því að unnið sé að áætlun um uppbyggingu innviða á ferðamannastöðum á Íslandi til verndar náttúru og menningarsögulegum minjum en vill koma á framfæri athugasemdum er snúa að fornminjum (menningarminjum) og fjalla aðallega um eftirfarandi: í skýrslunni er hvergi gerð grein fyrir stöðu þekkingar á sviði menningarminja en skortur á slíkri yfirsýn hamlar skýrslunni mikið; í henni er gríðarleg áhersla lögð á friðlýstar minjar (skrá sem hvílir á afar veikum grunni); ekki er fjallað um minjar í samhengi við náttúru og víðari landshætti og hugtakanotkun er óljós.

- Í umfjöllun um minjar í skýrslunni er hvergi lagt mat á stöðu þekkingar á sviði menningarminja. Hvergi kemur fram á hvaða gögnum áætlun um minjar og verndun þeirra innan svæðanna ætti að byggja eða hver staða þekkingar innan málaflokksins er. Ekki er heldur skýrt á hvaða þekkingargrunni skýrslan er byggð eða hvaða takmörkunum hún er háð. Er þetta stór galli á skýrslunni og dregur mjög úr gildi hennar.
- Umfjöllun um minjar í verkefnaáætlun 2018-2020 virðist að mestu leyti byggja á friðlýstum minjum. Friðlýstar minjar eru dreggjar af eldra kerfi, og geta hvorki talist dæmigerðar minjar né úthugað úrval minjastaða á Íslandi. Af þeim stöðum sem teljast til friðlýstra minja hér á landi voru meira en 80% friðlýstir fyrir 1940, löngu áður en hafist var handa við kerfisbundna skráningu minja hér á landi og áður en fagmenntaðir fornleifafræðingar tóku til starfa. Kerfisbundin skráning á fornleifum hér á landi hófst ekki að ráði fyrr en á 9. og 10. áratug 20. aldar. Af þeim tugþúsundum staða sem skráðir hafa verið á vettvangi á síðustu áratugum hafa hins vegar engir bæst við á friðlýsingaskrá. Listinn yfir friðlýstar minjar er úrelt plagg og hefur verið í endurskoðun um árabíl hjá Minjastofnun Íslands án þess að niðurstöður þeirrar endurskoðunar liggi fyrir. Meðan svo er hlýtur að teljast varhugavert að friðlýstar menningarminjar njóti forgangs, eins og kemur fram á bls. 10 í drögunum. Þess má geta að friðlýstar minjar eru aðeins agnarsmátt brot af minjastöðum hér á landi, líklega 0,2-0,5% af heildarfjölda (samtals um 850 staðir). Áætlað er að á landinu öllu séu allt að 300.000 fornminjar en aðeins hafa um 50.000 þeirra verið skráðar á vettvangi.
- Á sumum svæðanna í Verkefnaáætlun 2018-2020 hefur verið unnin ítarleg fornleifaskráning og í þeim tilfellum er sjálfsagt að styðjast við slík gögn en ekki er auðsætt á skýrslutexta að

slíkt hafi verið gert. Hér má t.d. nefna Látrabjarg, Ásbyrgi og Skálholt. Á öðrum stöðum hefur engin heildræn skráning á minjum verið gerð, t.d. á Hornströndum. Víða er pottur brotinn í skráningu minja innan þjóðgarða, til dæmis er fornleifaskráning í Þjóðgarðinum Snæfellsjökli brotakennd og komin til ára sinna og heildarskráning fornleifa í Vatnajökulsþjóðgarði er ekki til. Eigi að byggja upp langtímaáætlun varðandi minjar á umræddum ferðamannastöðum hlýtur að vera nauðsynlegt að gera úttekt á stöðu þekkingar á hverju svæði og byggja á henni áætlun um forgangsverkefni á sviði fornleifarannsókna. Á slíkum grunni má svo byggja langtímaáætlanir um skráningu, rannsóknir og verndun á minjum samhliða uppbyggingu ferðamannastaða, útfærslu ferðamannaleiða og mati á nýjum svæðum til að dreifa álagi.

- Æskilegast væri að horfa heildrænt á landshætti á hverju svæði fyrir sig fremur en einstaka minjastaði, bæði hvað einkennir náttúru þeirra og menningarsögu og má í því samhengi minna á að í lögum um menningarminjar eru ákvæði um búsetu- og menningarlandslag en þessi hugtök koma hvergi fram í drögum.
- Samspil náttúru- og menningarminja er það sem gefur mörgum svæðanna sem um er fjallað hvað mest gildi. Í skýrslunni er hins vegar mjög skýr aðgreining milli náttúru- og menningarminja á stöðum/svæðum. Þetta stafar vafalaust af því að hér eru málaflokkar sem heyra undir tvö ólík ráðuneyti en er bagalegt engu að síður. Minjastaðirnir eru í flestum tilvikum mjög þröngt afmarkaðir (t.d. hellir, tóft, fjárborg) en ekki litið til víðari landshátta. Í skýrslunni er alveg óljóst hvernig á að stuðla að verndun minja á þeim svæðum sem ekki eru valin sérstaklega vegna minjanna (sem eru t.d. friðlýst náttúruvætti/þjóðgarðar/á náttúruminjasrá) en á mörgum þeirra er tals verður fjöldi minja. Umrædd svæði eru mörg umfangsmikil, enda má segja að náttúruvernd hafi, góðu heilli, þróast frá því að líta til einstakra náttúruvætta til þess að afmarka svæði og heildir.
- Við lestur draga að landsáætlun verður fljótlega vart við að hugtakanotkun er víða óljós og misvísandi. Hugtökin *menningarsögulegar minjar* og *menningarminjar* eru notuð sitt á hvað og hvergi er gert ljóst hvernig þau eru skilgreind og hvort þau hafi sömu merkingu. Ekki er heldur útskýrt hvað felist í mun á hugtökunum *friðlýstar/friðaðar minjar*. Þetta er varhugavert, en lögum samkvæmt hafa allar fornleifar á Íslandi verið friðaðar síðan 1989.